

AUGLÝSING um deiliskipulag í Kjósarhreppi.

Frístundabyggð við Sandsá.

Sveitarstjórn Kjósarhrepps samþykkti þann 11. nóvember 2020, deiliskipulag frístundabyggðar við Sandsá í landi Eyja II.

Deiliskipulagssvæðið við Sandsá í landi Eyja II tekur til 14 ha svæðis. Innan svæðisins eru skilgreindar 22 lóðir fyrir frístundahús. Uppbygging er hafin á tveimur lóðum; Eyjabakka 1 og 2. Jörðin Eyjar I liggur að skipulagssvæðinu að vestanverðu og að jörðinni Sandi að sunnan- og austanverðu.

Land skipulagssvæðisins er flatt og er nánast alfarið á ræktuðum túnnum og rennur Sandsá í gegnum svæðið. Aðkoma að lóðum verður um nýjan veg sem tengist Eyjavegi (4837). Þegar hafa verið samþykktar deiliskipulagsáætlanir við vestanvert svæðið og taka skilmálar deiliskipulagstillögunnar mið af skilmálum aðliggjandi svæða.

Skipulaginu er ætlað að skapa ramma utan um heildstæða og vistvæna frístundabyggð, að byggð falli vel að þeirri byggð sem fyrir er og að landnýting sé eins hagkvæm og kostur er.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Kjósarhreppi, 1. desember 2020.

Sigurður H. Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.